

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum, soðnum eggjum og eggjarauðum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A, við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollskrárn.	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
	Frjóegg til útungunnar:				
0407.1100	Af hænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>	01.01. - 31.12.12	ótilgr.	0	0
0407.1900	Önnur	01.01. - 31.12.12	ótilgr.	0	0
	Úr tollskrárn.				
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi í ≥ 5 kg umbúðum	01.01. - 31.12.12	ótilgr.	0	39
0408.9901	Soðin egg í ≥ 10 kg umbúðum	01.01. - 31.12.12	ótilgr.	0	91

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407.1100 og 0407.1900) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

4. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2012.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 21. desember 2011.

Jón Bjarnason.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.